



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 4/2026

Markaðssetning Hópkaup á flugeldum

I.

Málsmeðferð

Með bréfi Neytendastofu til Hópkaup ehf., dags. 28. desember 2015, vegna markaðssetningar félagsins á skoteldum var athygli félagsins vakin á ákvæðum 5. gr., 8. gr., 9. gr., 11. gr., 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og reglum nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Óskað var eftir því að Hópkaup færði sönnur á að tiltekna tilboðsvörur á vefsíðunni hopkaup.is hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom. Óskað var eftir skýringum Hópkaupa ásamt öðrum athugasemdum sem félagið óski eftir að koma að vegna málsins.

1.

Svar Hópkaupa barst með tölvubréfi, dags. 29. desember 2015. Í bréfinu kemur fram að sjá megi á heimasíðu Hópkaupa að Hópkaup sé umboðsaðili fyrir Stjörnuljós flugelda. Að því er varði Pabbapakkan þá sé hann aðeins seldur hjá Hópkaupum og sé fullt verð pakkans 37.900 kr., ef innihald hans sé keypt í lausasölu, samkvæmt verðlista Stjörnuljósa sem fylgdi með bréfinu. Að því er varði Gæðapakkan þá komi hann samsettur til Stjörnuljósa, en útsöluverð hjá Stjörnuljósum á pakkanum (Gæðapakkin, miðnæturaketta og vegleg skotkaka) sé 22.900 kr., svo sem sjá megi á verðlistanum. Að því er varði 100 skota tertu þá kosti hún 29.900 kr. hjá Stjörnuljósum svo sem sjá megi af verðlistanum. Svo sem af ofangreindu megi sjá séu upprunaleg verð Pabbapakka, Gæðapakka og 100 skota tertu þau sem gefin eru upp á síðu Hópkaup og teljist þeir afslættir sem bjóðist með því að kaupa pakkana hjá Hópkaupum því réttir.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu er um að ræða úrtak þriggja vörutegunda sem kynntar voru á lækkuðu verði á vefsíðu Hópkaupa og Neytendastofa fór fram á að færðar yrðu sönnur á að hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði: Pabbapakki, 100 Skota terta og Gæðapakkin. Fyrirtæki verða að geta sannað að vörur sem kynntar eru á lækkuðu verði hafi verið seldar á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.



2.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 8. gr. í IV. kafla laganna er svohljóðandi: „*Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.*“

Í 1. mgr. 9. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.-g. liðum 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og segir þar í d. lið að átt sé við rangar upplýsingar um: „*verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértílbod eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum*“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi: „*Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.*“

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir í 3. gr.: „*Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom. Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.*“

3.

Hópkaup hafa lagt fram verðlista til að sýna fram á að verð Pabbapakans sé hærra ef keyptir eru einstakir hlutir pakkans. Ljóst er því að verðhagræðið er raunverulegt og felst í samsetningu einstakra þátta í pakkatilboð. Framsetning markaðssetningarinnar er því ekki til þess fallin að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda eða til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti. Telur Neytendastofa eins og hér stendur á að ekki sé um að ræða brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005.

Hópkaup hafa lagt fram verðlista til staðfestingar á fyrra verði 100 skota tertu og Gæðapakka. Að mati Neytendastofu er verðlistinn hins vegar ekki nægileg sönnun þess að vörunar hafi sannanlega verið verið seldar eða boðnar til kaups yfir lengri tíma á því verði. Neytendastofa telur að Hópkaup ehf. hafi með kynningu um lækkað verð á vörunum Pabbapakka, Gæðapakka og 100 skota tertu án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun



hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 og 3. gr. reglna nr. 366/2008.

III. Ákvörðunarorð:

„Hópkaup ehf., Sóltúni 26, Reykjavík rekstraraðili vefsíðunnar hopkaup.is hefur með kynningu um lækkað verð á vörunum 100 skota terta og Gæðapakki, án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Hópkaup ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi þremur dögum frá móttöku ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu eða sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun er að ræða má búast við að tekin verði ákvörðun um dagsektir á grundvelli 23. gr. laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 2. febrúar 2016

Tryggvi Axelsson
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir